

Þriðjudaginn 27. ágúst 1996.

Nr. 246/1996.

Aquasport hf.

(Baldvin Hafsteinsson hdl.)

gegn

Lu-Sy Trans

(enginn)

Kærumál. Frávísun staðfest. Vanreifun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 24. júní 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 26. sama mánaðar. Kært er ákvæði í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 11. júní 1996 um að vísa frá dómi kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila í máli hins fyrrnefnda gegn hinum síðarnefnda og tveimur aðilum öðrum. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að ákvæði héraðsdóms um frávísun verði felld úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka kröfur hans á hendur varnaraðila til efnismeðferðar. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Í málinu hefur sóknaraðili enga grein gert fyrir ítölskum réttarreglum um heimild, sem varnaraðili kann að hafa notið til að takmarka skaðabótaábyrgð sína við flutning á vörum í eigu sóknaraðila. Má fallast á það með héraðsdómi, að málið sé af þessum sökum svo vanreifað af hálfu sóknaraðila, að ekki verði lagður efnisdómur á kröfur hans á hendur varnaraðila. Verður hin kærða ákvörðun um frávísun því staðfest.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Ákvæði héraðsdóms um frávísun á kröfum sóknaraðila, Aquasports hf., á hendur varnaraðila, Lu-Sy Trans, er staðfest.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. júní 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 14. maí sl., er höfðað með stefnu, sem árituð er um birtingu 28. júlí og birt 20. september 1995.

Stefnandi er Aquasport, kt. 611085-0449, Sundaborg 1, Reykjavík.

Stefndu eru Eimskipafélag Íslands hf., kt. 510169-1829, Pósthússtræti 2, Reykjavík, Thos. Carr & Son SPA, Via Fabio Filizi 23, 20124 Mílanó, Ítalíu, og Lu-Sy Trans, Via Pedroni, Mílanó, Ítalíu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði óskipt gert að greiða honum 37.904.400 ítalskar lírur með dráttarvöxtum samkvæmt 11. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, þ. e. 12,5% á ári frá 1. september 1994 til 1. október 1994, með 12,4% á ári frá þeim degi til 1. mars 1995, með 12,5% á ári frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu vöxtum af sambærilegum kröfum frá þeim degi til greiðsludags. Gerð er krafa um, að áfallnir vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1995, sbr. 12. gr. s. 1. Þá er krafist málskostnaðar.

Af hálfu stefndu Eimskipafélags Íslands hf. og Thos. Carr & Son SPA er krafist sýknu, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar.

Af hálfu stefnda Lu-Sy Trans hefur ekki verið sótt þing.

Niðurstaða.

Stefndi Lu-Sy Trans hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Stefnandi heldur því fram, að stefndi eigi óskipta sök með meðstefndu, og vitnar auk þess til laga nr. 24/1982 um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi. Lög þessi gilda eingöngu um flutninga hér á landi, og verður þegar af þeirri ástæðu ekki við þau miðað. Þá kveður stefnandi vörunum hafa verið stolið fyrir stórfellt gáleysi stefnda án þess að gera nokkra frekari grein fyrir því, í hverju það hafi verið fólgið. Stefnandi hefur heldur enga grein gert fyrir ítölskum lögum, er gilt gætu um atvik sem þessi. Kröfugerð stefnanda á hendur stefnda þykir því vera vanreifuð, og verður ekki hjá því komist að vísa henni frá dómi.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu Eimskipafélag Íslands hf. og Thos. Carr & Son SPA eru sýknaðir af kröfum stefnanda, Aquasports.

Stefnandi greiði stefndu 200.000 kr. í málskostnað.

Kröfum stefnanda á hendur stefnda Lu-Sy Trans er vísað frá dómi.
